

ÍPRÓTTAMANNVIRKI OG -SVÆÐI
REYKJANESBÆJAR



Júní 2019

INNGANGUR

Formáli

Á 127. fundi íprótta- og tómsundaráðs Reykjanesbæjar var ákveðið að fara í stefnumótun í aðstöðu- og uppbyggingu ípróttamannvirkja og svæða.

Capacent var fengið til að leiða vinnuna þar sem ráðgjafar Capacent voru þá í heildar stefnumótunarvinnu með Reykjanesbæ og höfðu öðlast þekkingu á bænum og innviðum hans.

Lagt var upp með að forgangsraða byggingu nýrra ípróttamannvirkja og áætla kostnað fyrir hvert verkefni.

MARKMIÐ VERKEFNIS

- Kanna **núverandi notkun** ípróttamannvirkja Reykjanesbæjar og hvort þau megi **nýta betur** eða á hagkvæmari hátt.
- Skoða hvort möguleiki sé á hagræðingu með **frekara samstarfi** ípróttarfélaganna.
- Skoða hvaða aðstaða, ípróttamannvirki eða svæði **þarfnast til viðbótar** eða þarfnast úrbóta í Reykjanesbæ.
- **Forgangsröðun** nýrra ípróttamannvirkja og gróf **kostnaðaráætlun** þeirra.

Aðferðafræði og afmörkun

Aðferðafræði og afmörkun

Í meðfylgjandi greiningu er horft til íþróttamannvirkja í eigu Reykjanesbæjar og aðstöðu þeirra íþróttafélaga sem fá úthlutaðan tíma í þeim íþróttamannvirkjum. Þau félög sem fá flestum tímum útdeilt í íþróttamannvirkjunum eru Keflavík og UMFN. Sérstök áhersla hefur því verið lögð á aðstöðu íþróttagreina innan þeirra íþróttafélaga.

Gagnaöflun

Sendar voru spurningar á ýmsa aðila innan íþróttahreyfingarinnar og Reykjanesbæjar.

Beiðni um gögn var send á íþróttafélögin og íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar en einnig var stuðst við heimasíður Reykjanesbæjar, Keflavíkur og UMFN.

Upplýsingar um iðkendafjölda UMFN og Keflavík fengust frá framkvæmdastjórum félaganna.

Kostnaðaráætlun vegna nýrra íþróttamannvirkja miðast við sambærileg íþróttamannvirki sem nýlega hafa verið byggð eða boðin út í öðrum sveitarfélögum.

Ábendingagátt

Ábendingagátt var sett upp á heimasíðu Reykjanesbæjar frá 8. maí til 15. maí 2019 til að fá fram skoðun íbúa á núverandi notkun íþróttamannvirkja og svæða í Reykjanesbæ og hvers konar íþróttamannvirki væri brýnast að reisa. Á þessum tíma bárust um 120 ábendingar sem gert verður grein fyrir hér á eftir.

Viðtöl

Ráðgjafar Capacent tóku viðtöl við fimm aðila í Reykjanesbæ sem hafa innsýn inn í þennan málaflokk. Viðtölin fóru fram 21. og 22. maí 2019.

Í viðtölunum var kallað eftir skoðun aðila á núverandi notkun íþróttamannvirkja og hvað brýnast væri að byggja. Að auki var kallað eftir því hvernig núverandi aðstaða íþróttafélaganna í íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar hefðu áhrif á iðkendur.

Sérstök áhersla var lögð á að kalla fram afstöðu viðkomandi aðila á þær hugmyndir sem nú þegar höfðu komið fram hjá íþróttafélögum og íbúum Reykjanesbæjar.

ÍPRÓTTAMANNVIRKI REYKJANESBÆJAR

Staðsetning íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar



1. **Bardagahús** (leigt húsnæði)
Taekwondo, hnefaleikar og júdó
2. **Íþróttahúsið við Sunnubraut Vatnaveröld**
Íþróttavöllur Keflavíkur
Körfubolti, sund, fótbolti og þríþraut
3. **Afreksbraut – Íþróttavöllur Njarðvíkur**
Fótbolti
4. **Reykjaneshöllin**
Fótbolti
5. **Íþróttakademían**
Fimleikar og golf
6. **Íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla - Ljónagryfjan**
Körfubolti og sund
7. **Íþróttahúsið við Heiðarskóla**
Badminton, blak, körfubolti og sund
8. **Íþróttahúsið við Myllubakkaskóla**
Einungis nýtt sem skóla íþróttahús vegna stærðar
9. **Íþróttahúsið við Háaleitisskóla**
Nánast eingöngu nýtt sem skóla íþróttahús vegna stærðar
10. **Íþróttahúsið við Akurskóla**
Körfubolti og sund
11. **Íþróttahúsið við Stapaskóla**, áætluð opnun 2021

Deildir innan Keflavíkur og iðkendur



Undir íþrótt- og ungmennafélag Keflavíkur falla eftirfarandi 8 deildir og eru æfingar og/eða keppnir haldnar í eftirfarandi íþróttamannvirkjum:

- Badminton
Íþróttahúsið við Heiðarskóla
- Blak
Íþróttahúsið við Heiðarskóla
- Fimleikar
Íþróttakademían
- Knattspyrna
Íþróttavöllur Keflavíkur
Íþróttahúsið við Sunnubraut
Reykjaneshöllin
Æfingasvæði fyrir aftan Reykjaneshöll
Iðuvellir
Sporthúsið
Íþróttahúsið Garði
- Körfubolti
Íþróttahúsið við Sunnubraut
Íþróttahúsið við Heiðarskóla
- Skotdeild
Hafnarheiði
- Sund
Vatnaveröld
Íþróttahúsið við Heiðarskóla
- Taekwondo
Bardagahús

Fjöldi iðkenda í Keflavík árið 2018

18 ára og yngri	KK	KVK	Samtals
Badminton	0	0	0
Blak	2	7	9
Fimleikar	110	454	564
Knattspyrna	282	110	392
Körfubolti	105	124	229
Skotdeild	N/A	N/A	86
Sund	55	70	125
Taekwondo	122	53	175
Samtals	676	818	1580

Allir	KK	KVK	Samtals
Badminton	0	0	0
Blak	11	21	32
Fimleikar	111	458	569
Knattspyrna	287	110	397
Körfubolti	107	127	234
Skotdeild	N/A	N/A	>700*
Sund	58	73	131
Taekwondo	133	65	198
Samtals	707	854	1561 / 2261**

* Taldir eru með allir aðilar sem greiða félagsgjald til Skotdeildar.

** Án skotdeildar / Með skotdeild.

Deildir innan UMFN og iðkendur



Undir Ungmannafélag Njarðvíkur falla eftirfarandi 6 deildir og eru æfingar og/eða keppnir haldnar í eftirfarandi íþróttamannvirkjum:

- Knattspyrna
Afreksbraut
Reykjaneshöllin
Sporthúsið
- Körfubolti
Íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla -
Ljónagryfjan
Íþróttahúsið við Akurskóla
- Júdó
Bardagahús
- Lyftingar
Íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla - Massi
- Sund
Vatnaveröld
Íþróttahúsið við Akurskóla
Íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla
Íþróttahúsið við Heiðarskóla
- Þríþraut
Vatnaveröld
Íþróttavöllur Keflavíkur

Fjöldi iðkenda í UMFN árið 2018

18 ára og yngri	KK	KVK	Samtals
Knattspyrna	163	28	191
Körfubolti	105	134	239
Júdó	N/A	N/A	65
Lyftingar	N/A	N/A	0
Sund	27	43	70
Þríþraut	N/A	N/A	0
Samtals	295	205	565
Allir	KK	KVK	Samtals
Knattspyrna	N/A	N/A	216
Körfubolti	112	137	249
Júdó	N/A	N/A	71
Lyftingar	N/A	N/A	20
Sund	27	44	71
Þríþraut	N/A	N/A	30
Samtals	302	209	632

Nýting íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar

Flest íþróttamannvirki í eigu Reykjanesbæjar þar sem tímum er úthlutað til íþróttafélaganna eru fullnýtt frá degi til kvölds á virkum dögum. Þau mannvirki sem ekki eru full nýtt eru Reykjaneshöllin og Íþróttakademían enda enginn skóli sem nýtir húsnæðið undir skóla íþróttir fyrir hádegi líkt og í hinum íþróttamannvirkjunum.

Komið hefur fram að þó að nýtingin sé góð á virkum dögum í flestum íþróttamannvirkjunum að þá sé ekki verið að nýta helgarnar jafnvel undir æfingar líkt og mögulegt væri.

Íþróttahúsin við Myllubakkaskóla og Háaleitisskóla hafa ekki verið nýtt undir æfingar þegar hefðbundnum skólatíma lýkur þar sem íþróttahúsin eru talin of lítil. Nýlega byrjaði UMFN þó að bjóða upp á æfingar í Háaleitisskóla fyrir bæði körfubolta og fótbolta.

Opnunartími íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar

	Virkir dagar	Laugardagar	Sunnudagar
Bardagahús (leigt húsnæði)	05:45 – 21:00*	15:00 – 16:00*	11:00 – 12:00*
Íþróttahúsið við Sunnubraut	8:00 – 23:00	08:00 – 22:00	08:00 – 22:00
Vatnaveröld	06:30 – 21:30	06:30 – 21:30	06:30 – 21:30
Reykjaneshöllin	08:00 – 22:30	08:00 – 19:00	08:00 – 19:00
Íþróttakademían	08:00 – 22:00	09:00 – 15:00	Lokað
Íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla	06:30 – 22:00	09:00 – 19:00	12:00 – 18:00
Íþróttahúsið við Heiðarskóla	08:00 – 22:00	09:00 – 17:00	Lokað
Íþróttahúsið við Myllubakkaskóla	Sami og skóla	Lokað	Lokað
Íþróttahúsið við Háaleitisskóla	Sami og skóla	Lokað	Lokað
Íþróttahúsið við Akurskóla	08:00 – 22:00	09:00 – 17:00	09:00 – 17:00

* Opnunartími miðast við æfingatöflu Taekwondo og Júdo

Hvernig mætti nýta íþróttamannvirkin betur?

Ábendingar sem komu fram í viðtölum, gagnaöflun, gegnum ábendingagáttina og frá íþróttafélögunum

Reykjaneshöllin

- Í samstarfi við skólana væri mögulega hægt að færa fótboltaæfingar inn á skólatíma svo hægt væri að nýta tímann í höllinni betur á milli 9:00 og 14:00.
- Meira samstarf milli íþróttakennslu, grunnskóla, framhaldsskóla og knattspyrnudeildanna gæti leitt til betri nýtingar í Reykjaneshöll.
- Með meiri fjárhagsstuðningi sveitarfélagsins við knattspyrnuþjálfun gætu félögin ráðið fleiri þjálfara í fullt starf til sín sem myndi bæta hagkvæmni og nýtingu í Reykjaneshöllinni þar sem hægt væri að byrja að æfa fyrr á daginn.
- Væri hægt að nýta höllina yfir sumartímann til að minnka álagið á grasvöllunum á þessum tíma.
- Það myndi nýtast yngri flokkum ef meistaraflokkarnir yrðu færðir úr Reykjaneshöllinni.

- Betri nýting myndi nást ef hlutlaus aðili myndi deila út tíma og rými miðað við fjölda iðkenda í hverjum flokki að hausti til.
- Betri nýting myndi nást ef félögin yrðu sameinuð í yngri flokkum.

Íþróttakademían

- Mögulega væri hægt að nýta Íþróttakademíuna betur fyrir klukkan 13:00 á virkum dögum með því að nýta húsnæðið undir sjúkraþjálfun og/eða leikfimi fyrir eldri borgara.

Íþróttahús Reykjanesbæjar

- Reykjanesbær ætti að deila betur íþróttahúsunum, óháð því hvort það sé Keflavík eða UMFN, til að ná fram betri nýtingu á íþróttahúsunum.
- Möguleiki að það myndi raðast betur á æfingar ef öll íþróttahúsin í Reykjanesbæ væru samnýtt.

SAMANBURÐUR Á AÐSTÖÐU ÍPRÓTTAFÉLAGANNA

Keflavík – Áhrif aðstöðu á félagið og iðkendur

Ábendingar sem komu fram í viðtölum, gagnaöflun, gegnum ábendingagáttina og frá íþróttafélögunum

Fimleikar – Húsnæðið hefur marga vankanta og það hamlar frekari stækkun greinarinnar þar sem ekki er hægt að taka á móti öllum þeim sem vilja æfa íþróttina.

Ekki er hægt að halda fimleikamót á vegum FSÍ, þar sem ekki er nægt pláss í kringum áhöld og áhorfendabekkir standast ekki kröfur, sem er tekjumissir fyrir félagið.

Því til viðbótar er ekki hægt að stunda hóp fimleika almennilega þar sem rétt áhöld eru ekki til og þau myndu ekki komast fyrir, en hóp fimleikar eru í mikilli uppbyggingu. Að auki er ekki hægt að bjóða upp á greinarnar, Fimleikar fyrir alla og Parkur vegna plássleysis. En þessar íþróttir eru ódýrari og henta breiðari hópi barna.

Knattspyrna – Aðstaða félagsins er bæði takmörkuð í magni og dreifð um sveitarfélagið sem takmarkar vöxt félagsins. Styttist í að Keflavík þurfi að setja börn á biðlista vegna plássleysis í Reykjaneshöllinni.

Skotdeild – Geta ekki stundað innigreinar sem skotnar eru með púðri þar sem engin aðstaða er til staðar fyrir þau.

Blak – Erfitt fyrir blakið að vaxa þar sem þeim er úthlutað lítið af tímum í íþróttahúsum bæjarins.

Aðrar íþróttagreinar – Engar athugasemdir voru gerðar vegna aðstöðu annarra íþróttagreina sem æfa undir formerkjum Keflavíkur.

UMFN – Áhrif aðstöðu á félagið og iðkendur

Ábendingar sem komu fram í viðtölum, gagnaöflun, gegnum ábendingagáttina og frá íþróttafélögunum

Körfubolti - Keppnisvöllur félagsins ólöglegur.

Áhorfenda aðstaða lítil sem leiðir til tekjutaps í stórleikjum. Enginn aðstaða er fyrir upptökulið eða lýsendur kappleikja.

Salirnir sem félagið hefur til umráða eru of litlir fyrir stærstu árgangana og koma í veg fyrir að félagið geti bætt við sig iðkendum. Þetta verður til þess að UMFN getur ekki veitt öllum sem þess óska þá þjónustu sem félagið er að veita.

Geymslu aðstaða lítil sem engin, sem verður til þess að dýr búnaður er að skemmast og/eða hverfa úr íþróttahúsunum.

Knattspyrna - Búningsklefar í bráðabirgða húsnæði þar sem ekki er hitaveita og er sturtuaðstaða því óviðunandi. Stúkan við völlinn er ekki lögleg fyrir leiki í efstudeild.

Félagsaðstaða – Deildir félagsins hafa ekki skrifstofu aðstöðu á sama stað og er fundarsalur ónothæfur vegna loftræstistokks sem staðsettur er í miðjum salnum.

Júdo - Núverandi aðstaða í bardagahúsi of lítil fyrir keppni.

Lyftingar - Eru ekki með næga lyftingaraðstöðu fyrir afreksfólk vegna plássleysis í lyftingarsal.

Aðrar íþróttagreinar – Engar athugasemdir voru gerðar vegna aðstöðu annarra íþróttagreina sem æfa undir formerkjum UMFN.

Samanburður á aðstöðu Keflavík og UMFN

Ábendingar sem komu fram í viðtölum, gagnaöflun, gegnum ábendingagáttina og frá íþróttafélögunum

Í samtölum og gögnum frá íþróttahreyfingunni, viðtölum og í ábendingum frá íbúum kemur ítrekað fram að Keflavík hafi almennt aðgang að betri aðstöðu en UMFN. Þetta eigi sérstaklega við um körfuboltann. Einnig kemur fram að UMFN hafi orðið töluvert útundan í uppbyggingu síðasta áratuginn og að aðstaða UMFN sé í raun skelfileg þegar litið er til bráðabirgðahúsnæðis þeirra við Afreksbraut.

Körfubolti

Körfuboltaæfingar UMFN fara fram í íþróttahúsinu við Njarðvíkurskóla - Ljónagryfjunni, og við Akurskóla. Salirnir þar eru báðir minni en sú aðstaða sem Keflavík hefur aðgang að í íþróttahúsinu við Sunnubraut sem gerir æfingar Njarðvíkurmegin oft á tímum ekki jafn skilvirkar og góðar, sérstaklega á æfingum stelpna í yngri flokkum.

Þetta hefur einnig orðið til þess að UMFN getur ekki bætt við sig iðkendum í yngri flokkum þar sem nú þegar eru of margir á æfingum miðað við það húsnæði sem æft er í.

Ljónagryfjan er ólöglegur keppnisvöllur sem er á undanþágu frá KKÍ, en líklegt þykir að sú undanþága fari að renna út þó svo að lokadagsetning hafi enn ekki verið sett. Stúka UMFN tekur ekki jafn marga áhorfendur og sú á Sunnubraut og verður félagið því af tekjum í stórum leikjum. Að auki, er félagsaðstaða UMFN ekki sambærileg við það sem Keflavík býr yfir.

Einnig kom fram að þó Íþróttahúsið við Sunnubraut sé eftirvill betri en Ljónagryfjan þegar horft er til ýmissa atriða, þá séu þessi hús bæði barns síns tíma og ekki framtíðarlausn sem keppnisvellir fyrir hvorugt lið.

Samanburður á aðstöðu Keflavík og UMFN

Ábendingar sem komu fram í viðtölum, gagnaöflun, gegnum ábendingagáttina og frá íþróttafélögnum

Knattspyrna

Þegar litið er til knattspyrnu er keppnisvöllur Keflavíkur í knattspyrnu og aðstaðan tengd honum betri en keppnisvöllur UMFN við Afreksbraut. UMFN er með bráðabirgðahúsnæði við keppnisvöll sinn sem hefur verið þar í um 11 ár. Í húsinu er engin hitaveita sem gerir það að verkum að eftir æfingar og leiki geta ekki allir leikmenn farið í sturtu.

Æfingavellir UMFN fyrir yngri flokka eru af skorum skammti á sumrin. Hjá Keflavík fer aftur á móti að koma að því að börn verði sett á biðlista þar sem ekki verður hægt að taka á móti öllum þeim börnum sem vilja æfa knattspyrnu með Keflavík vegna plássleysis í Reykjaneshöllinni. Í því samhengi var nefnt að það þyrfti að skipta plássi í Reykjaneshöllinni betur og miða við iðkenda fjölda félaganna, en hún er töluvert hærri í Keflavík en UMFN og því er gagnrýnt hversu fáa tíma Keflavík

fær úthlutað í Reykjaneshöllinni samanborið við UMFN sem er með mun færri iðkendur.

Sund

Aðstaðan til að iðka sund í Reykjanesbæ er mjög góð og eru Keflavík og UMFN með sambærilega aðstöðu til æfinga og keppna. Keflavík og UMFN keppa ekki undir félagsmerkjum sínum heldur undir merkjum ÍRB og hefur það samstarf gengið vel.

Aðrar deildir íþróttafélaganna

Aðrar íþróttagreinar sem stundaðar eru innan íþróttafélaganna eru einungis í öðru félaginu og því ekki sérstaklega fjallað um þær hér en gert hefur verið grein fyrir aðstöðu þeirra hér að framan.

ÓSKALISTI ÍPRÓTTAFÉLAGANNA OG ÍBÚA

KEFLAVÍK – Ábendingar um viðbætur eða ný mannvirki

Ábendingar um viðbætur eða umbætur við þau íþróttamannvirki sem Keflavík notar til æfinga og/eða keppna.

- Þau atriði sem nefnd voru oftast eða eru mest aðkallandi koma fyrst og raðast svo í númeraröð -

1. Byggja æfingaaðstöðu fyrir fótboltann með gervigrasi.
 - Setja gervigras yfir gamla malarvöllinn.
 - Setja gervigras fyrir aftan Reykjaneshöllina.
 - Setja gervigras yfir Keflavíkurvöll.
2. Selja íþróttakademíuna eða finna henni önnur not og byggja fimleikahús.
3. Gera betri stúku við Keflavíkurvöll og betri aðstöðu fyrir áhorfendur.
4. Byggja vallahús hjá æfingasvæðinu fyrir aftan Reykjaneshöllina.
5. Snúa Keflavíkurvelli og bæta við þremur æfingavöllum þar við hliðina á og ofan á gamla malarvöllinn.
6. Rífa íþróttahúsið við Sunnubraut og byggja nýtt í staðinn sem tengist stúkunni. Byggja tvo æfingavelli ofan á gamla malarvöllinn.
7. Aðstaða fyrir skotdeildina fyrir innipúðurgreinar.
8. Endurnýja hreystibraut og hlúa að Skólahreysti krökkum.

UMFN – Ábendingar um viðbætur eða ný mannvirki

Ábendingar um viðbætur eða umbætur við þau íþróttamannvirki sem UMFN notar til æfinga og/eða keppna.

- Þau atriði sem nefnd voru oftast eða eru mest aðkallandi koma fyrst og raðast svo í númeraröð -

1. Fjölnota íþróttahús verði byggt við Afreksbraut hjá keppnisvelli UMFN sem yrði knattspyrnuvallarhús, aðalkeppnishús körfuknattleiksdeildarinnar og innihéldi félagsaðstöðu allra sex deilda UMFN.
2. Bæta aðstöðu knattspyrnunnar við Afreksbraut.
3. Byggja æfingaaðstöðu fyrir fótboltann með gervigrasi.
 - Setja gervigras yfir fótboltavöllinn við Afreksbraut.
 - Setja gervigras fyrir aftan Reykjaneshöllina.
4. Fjölnota íþróttahús við Stapaskóla með löglegum keppnisvelli fyrir körfubolta, stúku og 25 metra almenningssundlaug.
5. Setja upp grasvelli í innri Njarðvík fyrir yngri flokka til að æfa á sumrin.

Sameiginleg – Ábendingar um viðbætur og ný mannvirki

Ábendingar um viðbætur eða umbætur við þau íþróttamannvirki sem bæði félög nota til æfinga og/eða keppna.

- Þau atriði sem nefnd voru oftast eða eru mest aðkallandi koma fyrst og raðast svo í númeraröð -

1. Upphitaður gervigrasvöllur hjá Reykjaneshöll sem yrði nýttur fyrir bæði félögin.
2. Byggja knattspyrnu keppnisvöll fyrir bæði lið hjá Reykjaneshöllina.
3. Byggja fjölnota íþróttahús hjá Reykjaneshöllinni sem yrði notað sameiginlega af íþróttafélögunum.
4. Byggja upp körfuknattleiks keppnishús fyrir bæði lið.

STEFNA

Í UPPBYGGINGU ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA
OG -SVÆÐA

Tillaga að stefnu til næstu ára

Gagnvart frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða til að auðvelda forgangsröðun stærri framkvæmda

Í samtölum ráðgjafa við fulltrúa Reykjanesbæjar og helstu hagsmunaaðila var leitað sérstaklega eftir því með hvaða hætti best væri að forgangsráða stærri framkvæmdum til næstu ára.

Horft var til eftirfarandi þátta í greiningunni:

- Hvar er þörfin brýn í ljósi núverandi notkunar íþróttamannvirkja?
- Hvar má nýta íþróttamannvirki betur?
- Eru tækifæri til samstarfs íþróttarfélaganna.
- Hvar eru helst þarfir gagnvart úrbótum?

Helstu niðurstöður:

- Mikill vilji er til staðar að efla enn frekar íþróttastarf hjá Reykjanesbæ.
- Mikilvægt er að stærri framkvæmdir séu þannig úr garði gerðar að þær nýtist öllum bæjarbúum og þá óháð íþróttafélögum.
- Þannig verði einnig leitast við að skattfé verði nýtt með skynsömum hætti til lengri tíma.
- Efla þarf samstarf félaganna enn frekar til þess að nýta megi núverandi og framtíðar innviði sem allra best.
- Halda þarf áfram að tengja íþróttastarfsemi við skólastarf og ná þannig einnig til yngri kynslóða.

FRAMTÍÐARSÝN

Íþróttamannvirki Reykjanesbæjar eru byggð fyrir **alla íbúa** og eru **samnýtt** af íþróttafélögum innan bæjarins. Uppbygging stærri mannvirkja og íþróttasvæða verði **miðsvæðis** og til að ná fram hámarksnýtingu verði áfram byggt upp í nálægð við skóla.

SAMEIGINLEG MANNVIRKI

Keppnishallir og íþróttavellir verði sameiginlegir og samnýttir af íþróttafélögum

- Skynsöm **nýting** skattfés
- Sameiginleg **yfirbygging**
- Samnýting **búnaðar**

ÍÞRÓTTA MIÐSVÆÐI

Uppbygging helstu mannvirkja og íþróttasvæða verði miðsvæðis á svæðinu í kringum Reykjaneshöll.

- Gott **aðgengi** fyrir íbúa
- Öflugar **samgöngur**
- Möguleiki til **stækkunar**

HAGKVÆM AÐSTAÐA

Íþróttamannvirki verði byggð í nálægð við skóla til að ná fram hámarks hagkvæmni og nýtingu þeirra.

- Hámarks **nýting**
- Fleiri börn **stunda íþróttir**

MEÐ FRAMANGREINDAR ÁHERSLUR AÐ LEIÐARLJÓSI TILLAGA AÐ TÍMALÍNU

Tímalína uppbygginga

Hér á eftir koma tillögur að forgangsröðun við byggingu nýrra íþróttamannvirkja og áætlaður kostnaður við hvert verkefni.

Tillögurnar taka mið af þeim upplýsingum og ábendingum sem komu fram í viðtölunum, gegnum ábendingagáttina, frá íþróttafélögum og þeim áherslum sem settar hafa verið fram hér að framan.

Áætlaður kostnaður við hvert verkefni miðast við sambærileg íþróttamannvirki sem nýlega hafa verið byggð eða boðin út í öðrum sveitarfélögum.

Mikilvægt er að horft sé á þær framkvæmdir sem lagðar eru til hér á eftir sem heildstæða mynd og að það sé skoðað hvort og þá hvernig samnýta megi aðstöðu og önnur aðföng milli mannvirkja á sem hagkvæmasta máta.

Tímalína uppbygginga frh.

1. Aðstaða við keppnisvöll UMFN við Afreksbraut verði lagfærð

Aðstaða við keppnisvöll UMFN verði lagfærð svo húsnæðið teljist viðunandi, þar sem sérstök áhersla verði lögð á vatnsmál. Búið verði svo um að til framtíðar verði aðstaðan góð til æfinga. Til framtíðar má líta til þess að húsnæðið verði æfingahús beggja íþróttafélaga þegar sameiginlegur keppnisvöllur í knattspyrnu er fullbúin, þar sem Keflavík er með æfingavelli við hlið Afreksbrautar og þar er ekkert vallarhús.

Kostnaður óljós

2. Gervigrasvöllur á svæðinu hjá Reykjaneshöll

Byggður verði gervigrasvöllur hjá Reykjaneshöllinni sem að er upphitaður og með flóðlýsingu. Völlurinn verði sameiginlegur æfingavöllur til að byrja með en gert verði ráð fyrir við byggingu hans að seinna meir muni þessi völlur vera notaður sem sameiginlegur keppnisvöllur.

Þessi völlur yrði til þess að draga mætti úr eða jafnvel hætta kaupum á tímum í Sporthúsinu, iðkendur myndu ekki þurfa að fara í önnur sveitarfélög á æfingar og æfingar yngri flokka yrðu betri og skilvirkari þar sem fjöldi barna yrði ekki takmarkandi þáttur líkt og nú. Öll börn sem hefðu hug á því að æfa knattspyrnu hefðu tækifæri til þess og komið væri í veg fyrir að börn yrðu sett á biðlista.

Kostnaður um 200 m.kr.

Tímalína uppbygginga frh.

3. Gervigrasvöllur við Reykjaneshöll gerður að keppnisvelli

Við nýjan gervigrasvöll hjá Reykjaneshöll verði bætt við 2000 manna stúku og aðstöðu fyrir áhorfendur ásamt aðstöðu fyrir leikmenn, svo sem búningsklefum og geymslum. Skoða þarf hvort nýta megi aðstöðu áhorfenda og leikmanna með öðrum fyrirhuguðum mannvirkjum, sem gæti þá mögulega verið fyrsti fasi í þeirri byggingu.

Byggð yrði lögleg keppnisstúka fyrir íþróttafélög bæjarins og góð aðstaða fyrir áhorfendur, sem leiðir til þess að ekki þarf að fara í lagfæringar á stúku og áhorfenda aðstöðu Keflavíkur og UMFN við núverandi keppnisvelli. Félögin tvö munu því sameiginlega hafa aðgang að góðum keppnisvelli með góðri aðstöðu fyrir leikmenn og áhorfendur.

Með þessari uppbyggingu verður hægt að nýta núverandi keppnisvelli íþróttafélaganna undir æfingar í stað keppni sem myndi auka nýtingu vallanna yfir sumartímann og leysa vanda félaganna á þeim tíma. Auk þess væri möguleiki að halda leiki í neðri deildum eða fyrir yngri flokka á núverandi keppnisvöllum félaganna enda aðstaða til staðar til þess.

Kostnaður um 250 m.kr.

Tímalína uppbygginga frh.

4. Fimleikahöll hjá Reykjaneshöll

Fundinn verði kaupandi af Íþróttakademíunni eða henni fundin önnur not, og byggð verði fimleikahöll í nálægð við Reykjaneshöllina. Einnig mætti skoða þann möguleika að byggja við húsnæðið í stað þess að byggja nýtt húsnæði ef erfitt reynist að selja Íþróttakademíuna eða finna henni önnur not.

Í nýrri og stærri fimleikahöll væri hægt að taka á móti öllum sem vilja æfa eða prófa fimleika, og í húsinu væri nægt geymslurými fyrir áhöld og dýnur. Hægt yrði að stunda hópfimleika almennilega en hópfimleikar hafa verið í mikilli uppbyggingu. Því til viðbótar yrði hægt að bjóða upp á greinarnar, Fimleikar fyrir alla og Parkur sem eru ódýrari íþróttir og henta breiðari hópi barna. Að auki gæti félagið haldið fimleikamót sem yrði tekjuaukandi fyrir félagið.

Skynsamlegt væri að skoða hvort koma mætti bardagaíþróttunum sem stundaðar eru í Reykjanesbæ fyrir í sama húsnæði þar sem núverandi húsnæði þeirra er leiguhúsnæði, eða í það minnsta að hægt verði að keppa í þeim íþróttum í höllinni.

Kostnaður um 650 m.kr.

Tímalína uppbygginga frh.

5. Fjölnotaíþróttahús hjá Reykjaneshöll

Byggt verði fjölnotaíþróttahús í nálægð við Reykjaneshöll sem yrði lögleg keppnishöll í körfubolta með stúku fyrir áhorfendur. Skoða ætti að samnýta aðstöðuna með keppnisvöllinum í knattspyrnu.

Íþróttahúsið yrði sameiginleg keppnishöll í körfubolta og myndi leysa af íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla og íþróttahúsið við Sunnubraut sem keppnishús en þau eru bæði barn síns tíma og er keppnisvöllur UMFN því til viðbótar ólöglegur, en á undanþágu.

Með tilkomu íþróttahússins væri mögulega hægt að auka við tíma annarra íþróttagreina í íþróttahúsum Reykjanesbæjar svo sem blak og handbolta en þessar íþróttir henta breiðari hópi barna og hefur verið kallað eftir aukinni áherslu á þessar íþróttir.

Keppnishöll í körfubolta hefur verið sett seinna í forgangsröðina í uppbyggingu nýrra íþróttamannvirkja en margir hefðu viljað þar sem mörg vandamál verða leyst með nýju íþróttahúsi sem verður byggt við Stapaskóla í Innri Njarðvík. Það íþróttahús er stærra en bæði íþróttahúsið við Akurskóla og Njarðvíkurskóla og mun því leysa vanda UMFN að mörgu leyti, sér í lagi þegar það kemur að æfingum yngri flokka í körfubolta. Einnig mun það verða til þess að UMFN getur boðið öllum þeim sem þess óska þá þjónustu sem félagið er að veita.

Ef það kemur til þess að íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla fái ekki frekari undanþágu sem keppnisvöllur eða UMFN vill fá aðgang að löglegum keppnisvelli tafarlaust, er lítið því til fyrirstöðu að UMFN leiki keppnisleiki sína í körfubolta í íþróttahúsinu við Sunnubraut þar til nýtt fjölnotaíþróttahús hefur verið byggt.

Kostnaður um 650 m.kr.

AÐRAR
ÁBENDINGAR
SMÆRRI FRAMKVÆMDIR OG
VIÐHALDSVERKEFNI

Aðrar ábendingar

Ábendingar sem komu fram í viðtölum, gagnaöflun, gegnum ábendingagáttina og frá íþróttafélögunum

- Þær ábendingar sem komu fram oftast koma fyrst og raðast svo í númeraröð -

1. Efla spark og körfuboltavelli í RNB –
Framkvæmdir munu hefjast á þessu ári.
2. Byggja almenningssundlaug í Innri Njarðvík –
Við Stapaskóla verður almenningssundlaug.
3. Mótorhjólafólki fjölgar á öllum aldri og er Sólbrekku svæðið eina svæðið sem þau hafa í Reykjanesbæ. Bæta þarf aðstöðuna við svæðið og efla mótorsport og mótorkross.
4. Vantar aðstöðu fyrir frjálssar íþróttir í Reykjanesbæ, nýjar framkvæmdir eiga að þjóna öllum bæjarbúum.
5. Íbúar og aðrir aðilar hafa áhyggjur af því að börn séu að ganga í gegnum iðnaðarhverfi til að komast að bardagahúsi – *Það liggur fyrir að það eigi að laga svæðið í kringum húsið og frá strætóskýli.*
6. Fáir krakkar á Ásbrú að æfa íþróttir og þarf að kortleggja hvaða ástæður liggja þar á bak við. Huga þarf að samgöngum og stuðningi við foreldra.
7. Lengja opnunartíma íþróttamannvirkjana. Gefa félögunum greiðari aðgang þó svo það séu ekki starfsmenn í húsunum svo fólk geti komið og æft aukalega.
8. Bærinn þarf að vera meira leiðandi, félögin þurfa að fá meiri styrki frá sveitarfélaginu, auka þarf við stöðugildi.
9. Setja upp betri íþróttaaðstöðu við Háaleitisskóla t.d. gervigrasvöll, körfuboltavöll og laga lóð.
10. UMFN bjóði upp á flest allar æfingar á svæðinu og spari þannig mikinn tími fyrir börn og foreldra við að skutla börnum á æfingar.

Aðrar ábendingar

Ábendingar sem komu fram í viðtölum, gagnaöflun, gegnum ábendingagáttina og frá íþróttafélögum

- Þær ábendingar sem komu fram oftast koma fyrst og raðast svo í númeraröð -

11. Golfklúbbur Suðurnesja:
 - Endurgera skipulag Hólmsvallar í Leiru
 - Laga uppbyggingu flata og teiga
 - Endurgera stofnlagnir fyrir vatnskerfi
 - Endurgera 4. braut
12. Setja fjallahjólabraut í hlíðina fyrir ofan Njarðvík, engin skilgreind fjallahjólabraut í Reykjanesbæ.
13. Reykjanesbær á tvö íþróttafélög og gera verður jafnt við þau bæði. Aðstaðan verður að vera sambærileg.
14. Leggja áherslu á uppbyggingu handboltans í Reykjanesbæ. Erfitt fyrir minni félög eins og handknattleiksfélagið HKR að halda út starfsemi þar sem körfuboltinn virðist alltaf ganga fyrir.
11. Ætti ekki einungis að vera fókus á vinsælustu íþróttirnar. Hafa aðstoðarmann í strætó þegar flest börn eru á leið í íþróttir.
12. Koma bardagaíþróttunum fyrir í nýju íþróttamannvirki þar sem núverandi húsnæði þeirra er leiguhúsnæði.
13. Vantar aðstöðu fyrir skák, bridge, pílu og billard. Ef skákfélagið hefði aðstöðu væri hægt að kenna og iðka skák – skákfélagið er eiginlega dautt vegna aðstöðuleysis.
14. Skautahöll
15. Engin gangbraut yfir til Danskomaní frá strætóskýli en þar er umferðarpung gata.
16. Sundnámskeið fyrir elstu börn í leiksskóla.
17. Sundlaugar séu opnar lengur á virkum dögum yfir veturinn.

Efnahagur foreldra ætti ekki að hafa áhrif á tækifæri barna

Ábendingar sem komu fram í viðtölum, gagnaöflun og frá íþróttafélögnum

Forsvarsmenn íþróttafélaganna og aðrir aðilar sem tengjast íþróttahreyfingunum voru spurðir að því hvernig styrkja mætti samskipti íþróttahreyfingarinnar og Reykjanesbæjar til þess að tryggja sem flestum börnum tækifæri á að stunda íþróttir áháð efnahag foreldra.

Flestir aðilar voru sammála því að auka þyrfti samvinnu milli íþróttafélaga, skóla, leikskóla og Reykjanesbæjar og nefndu eftirfarandi leiðir sem hægt væri að fara í þeim efnum:

- Bærinn þarf að koma að innra starfi félaganna með auknu fjármagni. Það þyrftu að vera fleiri stöðugildi hjá félögnum til að standa undir auknum kröfum um faglegt starf og öryggi barna. Með þessum hætti væri hægt að sinna þeim börnum sem verða útundan af einhverjum orsökum.
- Samþætta ætti grunnskólanám, íþróttir og tómstundastarf í Reykjanesbæ upp að 12 ára aldri.
- Svo að jafnt gangi yfir alla verður að koma á föstu gjaldi fyrir allar þær íþróttir sem eru í boði í Reykjanesbæ.
- Reykjanesbær gæti komið að bættum samgöngum á milli hverfa og hækkað þjálfarastyrki deildanna til að halda kostnaði niðri.